

Skýrsla formanns á aðalfundi Ský sem var haldinn 5. febrúar 2008.

Fjarskiptahópurinn var settur á laggirnar 23. mars 2007 á fundi sem haldinn var í húsakynnum OR. Fjölmennt var á fundinum. Undirritaður var kosinn formaður hópsins og auk hans sitja þau Anna Björk Bjarnadóttir, Einar H. Reynis, Harald Pétursson og Kjartan Briem í stjórn.

Stjórn hópsins tók að sér skipulagningu jólaráðstefnu félagsins sem haldin var 6. desember sl. Ráðstefnan fjallaði um Internetið og framtíð þess. Fyrirlesarar voru þau Guðjón Már Guðjónsson framkvæmdastjóri Industria, Bram Veenhof hjá Microsoft í Hollandi, Dr. Stefanie Biala frá rannsóknardeild Vodafone Group í Þýskalandi og Arielle Sumits sem er ábyrg fyrir umferðarspám og fjarskiptagreiningu hjá Cisco Systems í Kaliforníu.

Erindin voru áhugaverð og efnið spennandi en aðsókn var undir væntingum.

Í undirbúningi er að kalla allan fjarskiptahópinn á fund en vegna mikilla anna stjórnarmanna hefur ekki náðst að fá þá saman til undirbúnings. Stefnt er að því að halda fund hópsins í seinni hluta febrúar þar sem fundarefni verður m.a. endurskoðun á Fjarskiptaáætlun stjórnvalda. Óskað verður eftir hugmyndum hópsmanna um efni sem heima ættu í fjarskiptaáætlun og breytingar á því sem nú er í henni. Þetta er í tengslum við við setu formanns hópsins í Fjarskiptaráði, en það ráð var sett á laggirnar á seinasta ári og á að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um fjarskiptamálefni.

Sæmundur E. Þorsteinsson